


3I.tbl.

16.ágúst 2023

30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



## HAUSTFERÐ.

Farin verður haustferð eldri borgara í Þingeyjarsveit, 60 ára og eldri, miðvikudaginn 30 ágúst .

Farþegar mæti við Ýdali kl. 8,00

Breiðumýri kl. 8.20

Stórutjarnaskóla kl. 8.40.

Komið við á Safnasafninu á Svalbarðsströnd og það skoðað.  
Síðan ekið til Dalvíkur og borðað þar, súpa og brauð í hádeginu.  
Farið til Siglufjarðar . Síldarminjasafnið skoðað, með leiðsögn.  
Síðan ekið um Fljót í Skagafjörð.  
Komið í Kakalaskála á Kringlumýri í kaffi.  
Skoðuð þar Sögu og listasýning .  
Að lokum borðaður kvöldverður á Hótel Varmahlíð.  
Þaðan ekið heim um Öxnadalshéiði.

Verð á mann 15.500 kr það er matur og söfn.  
Greiðist í Sparisjóð Þingeyinga á reikning 1110 26 560  
Kt. 260639 3239,

Vinsamlegast <sup>láttu</sup> vita um þátttöku fyrir fimmtudaginn 24 ágúst.  
Í síma 8921638 Jón eða 8621638 Svanhildur.



## Frá Stórutjarnaskóla

Stórutjarnaskóli verður settur  
þriðjudaginn 22. ágúst kl. 17:00 á sal skólans

*Skólastjóri*



Þingeyjarsveit

## Frístundastyrkur

Þingeyjarsveit auglýsir reglur um frístundastyrk til barna og ungmenna. Reglurnar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Frístundastyrkur vegna ársins 2023 er 30.000 kr. fyrir hvert barn/ungmenni.

Opnað hefur verið fyrir umsóknir, sækja má um styrkinn á heimasíðunni, undir „Eyðublöð“.



## Starfsmaður félagsstarfs eldri borgara

Auglýst eru störf við félagsstarf eldri borgara í Þingeyjarsveit. Um er að ræða skipulag, undirbúningur og umsjón á samverustundum eldri borgara. Samverustundir eru tvisvar í viku, annarsvegar í Mývatnssveit og hins vegar til skiptis í Þingeyjarskóla og Stórutjarnaskóla.

Störf sem um ræðir eru:

20 - 25% starf við félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit  
tvö 20 - 25% störf við félagsstarf eldri borgara í Þingeyjar-/

Stórutjarnaskóla


Allar frekari upplýsingar veitir verkefnastjóri fjölskyldumála, Ásta F.

Flosadóttir á netfangið: [asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is](mailto:asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is).

Störf henta öllum kynjum og eru áhugasamir einstaklingar hvattir til að sækja um, óháð kyni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til 16. ágúst. Skila skal umsóknum á skrifstofur Þingeyjarsveitar, eða á netfangið [umsokn@thingeyjarsveit.is](mailto:umsokn@thingeyjarsveit.is)**





## **ATH! Hlaupastelpan komin úr sumarfríi**

### **Hlaupastelpan**

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

### **Ath ! Verðskrá**

#### **Verðskrá:**

**Hálfsíðuauglýsing** kr. 4.600.- m.vsk

**heilsíðuauglýsing** kr. 6.620.- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386



## Gæsadalur - Gæsagil

**Ferðanefnd Bjarma** stendur fyrir gönguferð mánudaginn 21. ágúst. kl 17:00. Göngufólk komi saman við bílastæðið á Víkurskarði og gengið verður norður Gæsadal, niður með Gæsagili og niður í gegnum Skuggabjargarskóg á móts við Skarð í Dalsmynni. Þar verða bílar til að ferja fólk til baka að bílastæðinu. Þetta er ekki mjög krefjandi ganga en talsverður bratti á kafla. Áætlaður tími 3 – 3,5 klst., vegalengd um 9 km.

Allir velkomnir

Frekari upplýsingar gefa

Nanna s. 8626240 og Sigrún 8991010





## Bakvarðasveit Þingeyjarsveitar

Áttu lausa stund? Jafnvel dag og dag?

Tilbúin að drýgja aðeins tekjurnar?

Ertu til í að láta gott af þér leiða? Redda málum í stuttan tíma?

Okkur í Þingeyjarsveit vantar oft gott fólk í smávægileg viðvik, stuttar afleysingar og tímabundin verkefni, stundum með stuttum fyrirvara. Yfirleitt er um að ræða tímavinnu og verkefni fjölbreytt; heimaþjónusta, liðveisla, þríf og fjölbreytt verkefni á vinnustöðum sveitarfélagsins. Hentar öllum kynjum.

Nú leitum við að fólki sem er tilbúið að vera á skrá hjá okkur og hringja má í ef á þarf að halda. Það er engin skuldbinding fólgin í því að vera í bakvarðasveitinni, en hér gætu skapast tækifæri til að prófa eitt og annað. Ef þetta er eitthvað sem þú ert til í þá endilega skráðu þig í bakvarðasveitina á heimasíðu Þingeyjarsveitar.

Ef þú hefur einhverjar spurningar þá má senda línu á verkefna-  
stjóra fjölskyldumála; [asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is](mailto:asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is)



## Þingeyjarsveit

### Afleysingarstarfsmaður í vetur í íþróttamiðstöð ÍMS

Leitað er að karlmanni í tímabundið afleysingarstarf við íþróttamiðstöð ÍMS í Mývatnssveit frá og með 1. september 2023. Um er að ræða vaktavinnu og er starfshlutfall 72-80%. Næsti yfirmaður er forstöðumaður íþróttamannvirkja í Mývatnssveit.

#### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með íþróttahúsi
- Gæslu í karlalefa
- Afgreiðsla og önnur þjónusta við gesti
- Almenn þrif
- Framfylgja öryggis- og umgengnisreglum
- Eftirlit með húsnæði og búnaði, ásamt öðru sem til fellur í íþróttahúsi og á útisvæði ÍMS.

#### Hæfniskröfur:

- Lágmarksaldur 18 ár
- Reynsla í þrifum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Þjónustulund og lipurð í samskiptum
- Stundvísi og samvirkusemi

Hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2023.

Laun og starfskjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Framsýn stéttarfélag. Umsóknum skal skilað á netfangið [ims@thingeyjarsveit.is](mailto:ims@thingeyjarsveit.is)

Nánari upplýsingar veitir Ásta Price forstöðumaður í síma 4644225 eða [ims@thingeyjarsveit.is](mailto:ims@thingeyjarsveit.is)



FRÁ OG MEÐ 21.  
ÁGÚST VERÐUR  
OPIÐ 12:00-22:00  
ALLA DAGA

VERIÐ ÖLL HJARTANLEGA VELKOMIN  
Í JARÐBÖÐIN



JARÐBÖÐIN  
VIÐ MÝVATN